

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1995.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða tekjuauka sem hér segir á árinu 1995:

- a) Í júlí 1995 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í maí 1995 26% uppbót vegna launabóta.
- b) Í ágúst 1995 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í maí 1995 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
- c) Í desember 1995 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í maí 1995 30% uppbót vegna desemberuppbótar og 26% uppbót vegna launabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362/1995 um Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

1. gr.

Við 4. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

2. gr.

Ný grein, 9. gr., hljóðar svo: Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af 2. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 og öðlast þegar gildi.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 26. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.